

Reglur þessar, sem stjórn Ábyrgðasjóðs launa hefur sett skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. ágúst 2003.

Árni Magnússon.

Gylfi Kristinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar Brekkuskóla og nágrennis, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 3. júní 2003 samþykkt nýtt deiliskipulag á reit, sem afmarkast af Skólastíg, Hrafnagilsstræti, Þór-unnarstræti, Þingvallastræti, Kaupvangsstræti og Eyrarlandsvegi.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir viðbyggingu vestan við hús Gagnfræðaskóla en ekki öðrum byggingum umfram þær sem fyrir eru á svæðinu. Gerð er grein fyrir fjölda og fyrir- komulagi bílastæða, gönguleiðum, opnum svæðum og lóðarmörkum innan skipulagssvæðis- ins.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akureyri, 25. ágúst 2003.

Bjarni Reykjalin,

skipulags- og byggingarfulltrúi.